



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 5. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2017
MIÐVIKUDAGINN 18. OKTÓBER KL.13:15**

1. Bréf o.fl. erindi.

Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

Úrsögn úr námi:

Einn nemandi segir sig frá námi.

Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði:

Sent til kennstjóra í stærðfræði til umsagnar.

Þrír nemendur sækja um undanþágu frá dönsku þar sem þeir tóku ekki dönsku í grunnskóla:

Sent til skólameistara til afgreiðslu.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Góður opinn fundur með stjórnendum og forrystu NFFG í Urðabrunni í dag. 360 nemendakort eru farin í prentun, hinn hlutinn fer eftir helgi. Umræða um hækkan nemendafélagsgjalds, NFFG lagði fram gögn um hver staðan er í öðrum skólum og lagði til að gjöldin yrðu hækkuð í FG. FG – Flensborgardagurinn gekk vel en hugsa þarf viðburðinn um kvöldið upp á nýtt eða sleppa honum þar sem fáir mættu. Gott væri að fá íþróttakennarana meira með í skipulag dagsins. Kannað verður hvort áhugi er á að vera með í Morfís keppninni. Umræða fór fram um hvenær er best að selja NFFG peysur. Salsballið verður 2. nóv. og mun NFFG bjóða upp á hádegisviðburði og snakk í þeirri viku.

3. Önnur mál

Hugmynd hvort hægt verði að setja upp fleiri upplýsingaskjái í skólanum.

Fundinn sátu:

Anna Jeeves fulltrúi kennara

Edith Edda Unnarsdóttir fulltrúi kennara

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Rebekka Þurý Pétursdóttir forseti NFFG

Steinunn Anna Svansdóttir fulltrúi nemenda

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi og fundarritari

Unnur Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi